


Stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi

26 umbótatillögur til að efla samkeppnishæfni í grænni iðnbýltingu



FJÖLBREYTTUR IÐNAÐUR - STARFSGREINAHÓPAR SI

Innan Samtaka iðnaðarins eru 1.400 fyrirtæki og félög sjálfstæðra atvinnurekenda. Þau eru ólík innbyrðis, hvort sem litið er til stærðar, framleiðslu eða markaða, en í fjölbreytninni felst styrkur. Eftirtaldir 40 starfsgreinahópar tilheyra Samtökum iðnaðarins:





EFNISYFIRLIT

| | |
|----------------------------------------------|-----|
| FORMÁLI | .5 |
| SAMANTEKT | .6 |
| GRÆN IÐNBYLTING ER HAFIN | .8 |
| STÖÐUGLEIKI SKAPAR VÖXT | .12 |
| HAGKVÆMNI SKAPAR SAMKEPPNISFORSKOT | .22 |
| SKILVIRKNI SKAPAR SVIGRÚM | .38 |

Útgefandi: Samtök iðnaðarins

Hönnun: Hvíta húsið

Ljósmyndir: OZZO Photography / Guðmundur Þór Kárason

Prentun: Svansprent

Ritstjórn: Sigurður Hannesson (sigurdur@si.is), Margrét Kristín Sigurðardóttir (margret@si.is), Ingólfur Bender (ingolfur@si.is), Björg Ásta Þórðardóttir (bjorg@si.is) og Bergþóra Halldórsdóttir (bergthora@si.is).

Starfsmenn SI sem komu að gerð skýrslunnar: Bergþóra Halldórsdóttir, Bjartmar Steinn Guðjónsson, Björg Ásta Þórðardóttir, Friðrik Á. Ólafsson, Gunnar Sigurðarson, Ingólfur Bender, Jóhanna Klara Stefánsdóttir, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Kristján Daníel Sigurbergsson, Lilja Björk Guðmundsdóttir, Lárus M.K. Ólafsson, Margrét Kristín Sigurðardóttir, Nanna Elísa Jakobsdóttir, Sigríður Mogensen, Sigurður Hannesson og Úlfar Biering Valsson.

Könnun Maskínu fyrir Samtök iðnaðarins var gerð á meðal félagsmanna SI í ágúst 2022.

Samtök iðnaðarins – Húsi atvinnulífsins – Borgartúni 35 – www.si.is – mottaka@si.is

FORMÁLI

Samtök iðnaðarins efla samkeppnishæfni íslensks iðnaðar í þágu samfélagsins alls með því að leggja áherslu á þau málefni sem helst auka samkeppnishæfni landsins. Þau málefni sem mestu skipta eru starfsumhverfi, mannauður, nýsköpun og innviðir en einnig orku- og umhverfismál. Með umbótum stjórnvalda á þessum sviðum eflist geta hagkerfisins til þess að skapa verðmæti sem styðja við og bæta lífskjör í landinu. Ísland í fremstu röð er framtíðarsýn sem Samtök iðnaðarins vinna ötullega að og er útgáfa þessarar skýrslu liður í að vinna þeirri sýn brautargengi.

Í skýrslunni er sjónum beint að þeim þáttum sem skapa samkeppnishæft starfsumhverfi þar sem stöðugleiki, hagkvæmni og skilvirkni eru í aðalhlutverki. Stöðugt starfsumhverfi skapar skilyrði fyrir samkeppnishæft atvinnu- og efnahagslíf en með stöðugleika er lagður grunnur að fjárfestingum í hagvexti framtíðarinnar. Hagkvæmt starfsumhverfi skapar samkeppnisforskot þegar álögur skatta og gjalda eru lágar í alþjóðlegum samanburði sem gefur fyrirtækjum sterkari stöðu í samkeppni við erlenda keppnauta og eykur þannig verðmæta- og atvinnusköpun. Skilvirkt starfsumhverfi dregur úr sóun og kostnaði, efnahagslífinu til heilla, með einföldu regluverki og eftirliti sem er fyrirsjáanlegt og ekki óhóflega íþyngjandi. Það skiptir fyrirtækin máli að fá hæft fólk til vinnu og launakostnaður er gjarnan stór útgjaldaliður. Staðan á vinnumarkaði skiptir fyrirtækin því gríðarlegu máli. Að sama skapi skiptir máli fyrir fyrirtæki að fá aðföng afhent á hagstæðu verði. Þá þarf að finna starfsminni hentugt húsnæði. Ákvarðanir stjórnvalda sem birtast í regluverki fela í sér kröfur með tilheyrandi kostnaði og þess þarf að gæta að kröfur sem íslensk stjórnvöld setja fyrirtækjum hér á landi séu ekki miklu meira íþyngjandi en kröfur sem gerðar eru í öðrum löndum.

Í skýrslunni er að að finna 26 umbótatillögur sem stuðla að framförum í grænni framtíð.

Stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi leggur grunn að samkeppnishæfu atvinnulífi sem getur skilað sér í enn betri lífskjörum landsmanna.



Sigurður Hannesson,

framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

SAMANTEKT

Stjórnendur íslenskra iðnfyrirtækja vilja að stjórnvöld beiti sér fyrir stöðugu, hagkvæmu og skilvirku starfsumhverfi með markvissum aðgerðum til að efla samkeppnishæfni. Þessi skýru skilaboð koma fram í könnun meðal stjórnenda íslenskra iðnfyrirtækja. Með því að efla samkeppnishæfni má auka framleiðni og verðmætasköpun íslensks iðnaðar til hagsbóta fyrir landsmenn.

Í skýrslunni eru lagðar fram 26 fjölbreyttar umbótatillögur. Umbæturnar sem ráðast þarf í til að ná fram stöðugu starfsumhverfi snúa að opinberum fjármálum, peningamálum og vinnumarkaðsmálum. Í því sambandi er mikilvægt að komandi kjarasamningar hafi það að markmiði að tryggja stöðugleika og varðveita þann árangur sem náðst hefur í að auka kaupmátt launa á síðustu árum. Til að ná fram hagkvæmu starfsumhverfi þarf að stilla álögum á fyrirtæki í hóf og beita efnahagslegum hvötum. Skilvirkt starfsumhverfi næst með því að einfalda regluverk og eftirlit.

Allar tillögurnar miða að því að efla samkeppnishæfni þannig að íslensk fyrirtæki fái tækifæri til að skapa fleiri störf og meiri verðmæti sem skilar sér í auknum lífskjörum landsmanna. Með bættri samkeppnishæfni skapast skilyrði fyrir grænni framtíð. Iðnaðurinn ætlar ekki að láta sitt eftir liggja í að skapa græna framtíð og tryggja kolefnishlutlaust Ísland.

| Samkeppnishæft starfsumhverfi | | | |
|-----------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------|----------------------------|-----------------------|
| Markmið | Stöðugleiki | Hagkvæmni | Skilvirkni |
| Aðgerðir | Opinber fjármál Peningastjórnun Vinnnumarkaðsmál Húsnæðismál | Skattar og gjöld Hvatar | Regluverk Eftirlit |
| Græn framtíð – kolefnishlutlaust Ísland | | | |

IÐNAÐUR ER STÆRSTA ATVINNUGREININ

Iðnaður sem er mjög umfangsmikill í íslensku efnahagslífi skapar 22% landsframleiðslunnar og 41% útflutningstekna þjóðarbúsins. Í iðnaði starfa um 44 þúsund manns sem er einn af hverjum fimm starfandi hér á landi. Framlag iðnaðar til sköpunar verðmæta og starfa er talsvert meira þegar við bætast afleidd áhrif. Umfang íslensks iðnaðar undirstrikar mikilvægan þátt greinarinnar í gangverki hagkerfisins. Innan iðnaðar starfar fjölbreytt flóra fyrirtækja sem eru samofin öllum sviðum efnahagslífsins. Fyrirtækin eru lítil og stór, í rótgrónum og nýjum iðngreinum og með starfsemi um allt land. Þessi fjölbreytileiki er mikill styrkur sem felur í sér meiri stöðugleika og aukna vaxtarmöguleika fyrir hagkerfið í heild.

IÐNAÐUR Á ÍSLANDI SKAPAR



26 umbótatillögur SI

STÖÐUGLEIKI SKAPAR VÖXT

Eflum samkeppnishæfni með því að:

1. Styðja við nýjar útflutningsstoðir þannig að þær fái svigrúm til að vaxa.
2. Nýta þá fjölmörgu þætti sem hafa áhrif á stöðugleika og vinna þar með að fjölbreyttum umbótum.
3. Beita hagstjórnartækjum þannig að stutt verði við framboðshlið hagkerfisins.
4. Ná kjarasamningum sem renna stoðum undir stöðugleika auk þess að einfalda kjarasamninga og láta þá taka mið af vexti nýrra atvinnugreina.

HAGKVÆMNI SKAPAR SAMKEPPNISFORSKOT

Eflum samkeppnishæfni með því að:

5. Lækka íþyngjandi álögur.
6. Nýta efnahagslega hvata til að ná fram stefnumarkmiðum.
7. Lækka tryggingagjald og endurskoða grundvöll þess.
8. Endurskoða fyrirkomulag fasteignaskatta með það að markmiði að minnka álögur á fyrirtæki og auka stöðugleika við innheimtu skattsins.
9. Samræma virðisaukaskattskerfið og tryggja þannig sanngjarna og skilvirka framkvæmd til að koma í veg fyrir að virðisaukaskattur veiki samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja.
10. Gera þjónustugjöld gagnsærri.
11. Gæta hófs við álagningu umhverfisgjalda og tryggja að þau skili sér í umhverfis- og loftlagsaðgerðir.
12. Setja skýran lagaramma um heimildir sveitarfélaga til innheimtu innviðagjalda.

SKILVIRKNI SKAPAR SVIGRÚM

Eflum samkeppnishæfni með því að:

13. Tryggja jafnræði fyrirtækja á markaði.
14. Bæta lagasetningu með víðtækara mati á íþyngjandi áhrifum nýrra ákvæða.
15. Greina íslenska hagsmuni markvisst og tímanlega við þróun Evrópureglna og fylgja mikilsverðum hagsmunum eftir af festu.
16. Innleiða Evrópureglur án íþyngjandi viðbótarkvaða.
17. Birta skrá yfir opinberar eftirlitsreglur.
18. Einfalda framkvæmd eftirlits og útvista til einkaaðila.
19. Samræma stjórnarsýslu sveitarfélaga.
20. Einfalda meðferð kærumála.
21. Bæta eftirlit með lögvernduðum iðngreinum.
22. Gera samkeppniseftirlit hraðvirkara og fyrirsjáanlegra.
23. Draga úr opinberum samkeppnisrekstri og tryggja samkeppnislegt hlutleysi á markaði.
24. Auka markvisst útvistun hins opinbera á sérfræðipjónustu.
25. Vanda betur gerð útboðsskilmála og framkvæmd opinberra innkaupa og bæta eftirlit með þeim.
26. Bæta leiðbeiningar ríkisstofnana.



Græn iðnbylting er hafin

Árið 2040 á Ísland að verða óháð jarðefnaeldsneyti og kolefnishlutlaust samkvæmt markmiðum stjórnvalda. Stjórnvöld og atvinnulíf þurfa að taka höndum saman til að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið því það gæti orðið kostnaðarsamt ef ekki verður staðið við þær skuldbindingar sem fylgja Parísar-sáttmálanum. Íslensk iðnfyrirtæki eru þegar orðin þátttakendur í grænni iðnbyltingu sem er hafin og ætla ekki að láta sitt eftir liggja.



” Við hjá Elkem stefnum að því að skipta yfir í 100% endurnýjanleg kolefni á næstu árum. Auk þess stefnum við á að fanga losunina og framleiða úr henni rafeldsneyti eða dæla niður í jörðina. Við getum í raun orðið kolefnisryksuga og skilað samdrætti í losun upp á allt að milljón tonnum af CO₂ á ári.

Álfheiður Ágústsdóttir,
forstjóri Elkem.

FJÁRFESTINGAR OG NÝJAR LAUSNIR


Starfsumhverfi fyrirtækja mun ráða miklu um það hvort markmið stjórnvalda náist en það þarf fjárfestingar og nýjar lausnir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Með stöðugu, hagkvæmu og skilvirku starfsumhverfi er líklegra að markmiðin náist.

Í fyrirsjáanlegu umhverfi verða fjárfestingar meiri og þess vegna ýtir stöðugleiki undir fjárfestingar, hvort heldur er efnahagslegur stöðugleiki, pólitískur stöðugleiki eða stöðugleiki á vinnumarkaði. Hagkvæmni er lykillinn að breytingum sem þessum. Beita þarf opinberum fjármálum með gjalddöku en ekki síður með jákvæðum efnahagslegum hvötum til að flyta fjárfestingu í nýrri tækni sem dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda. Tryggja þarf að fjármunir sem fyrirtæki greiða fyrir losun skili sér aftur til málaflokksins í formi ívilnana eða styrkja til fjárfestinga. Skilvirkt starfsumhverfi, sér í lagi þar sem hindrunum er rutt úr vegi og opinberum innkaupum beitt í þágu loftslagsmála, mun þurfa til að ná settum markmiðum. Stjórnvöld geta þannig haft mikil áhrif á þróunina.

MEIRIHLUTI IÐNFYRIRTÆKJA MEÐ MARKMIÐ Í LOFTSLAGSMÁLUM

67% stjórnenda iðnfyrirtækja segja að sjálfbærni skipti miklu máli fyrir þeirra fyrirtæki og ekki nema 6% að það skipti litlu eða engu máli fyrir reksturinn. Með sjálfbærni er átt við að þörfum samtímans sé mætt án þess að dregið sé úr möguleikum komandi kynslóða til að mæta sínum þörfum.

Hversu miklu eða litlu skiptir sjálfbærni fyrir rekstur fyrirtækis þíns?




Meirihluti iðnfyrirtækja hefur sett sér markmið á sviði loftslagsmála. Þetta sýna niðurstöður könnunar sem Outcome framkvæmdi fyrir SI meðal stjórnenda íslenskra iðnfyrirtækja í febrúar 2022. Úr könnuninni má lesa að stjórnvöld geta stutt við aðgerðir fyrirtækja í loftslagsmálum, m.a. með eflingu innviða, s.s. uppbyggingu raforkukerfa, meðhöndlun úrgangs og með skattalegu hagræði eða ívilnunum. Aðspurðir að því hvernig hið opinbera, ríki og sveitarfélög, geti stutt við aðgerðir fyrirtækja í loftslagsmálum svara flestir eða 62% með eflingu innviða, s.s. uppbyggingu raforkukerfa og meðhöndlun úrgangs. Um helmingur segja með skattalegu hagræði eða ívilnunum eða með fjárhagslegum hvötum.



” Áherslur og markmið stjórnvalda eru í raun þær sömu og atvinnulífsins þegar kemur að því að leita lausna til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í ljósi þess að þær kalla á nýsköpun og tækniþróun væri mjög til bóta að kerfið í kringum stuðning og styrkveitingar til þeirra verkefna væri bæði gegnsæra og skilvirkara.

Gunnar Guðlaugsson,
forstjóri Norðurláts.

Hvernig getur hið opinbera, ríki og sveitafélög, stutt við aðgerðir fyrirtækja í loftslagsmálum



Íslenskur iðnaður leikur stórt hlutverk þegar kemur að tækniþróun, nýsköpun, hönnun og umhverfisvænum lausnum og hefur þegar stigið stór skref fram á við í þeirri vegferð að ná fram nauðsynlegum umbreytingum í sinni starfsemi. Framtakssemi fyrirtækja og virkur stuðningur stjórnvalda í þágu nýsköpunar og fjárfestinga mun varða leiðina að tæknilausnum og umbreytingum í þágu bættrar heilsu jarðar. Til að metnaðarfull markmið stjórnvalda verði að veruleika þarf virka aðkomu íslensks iðnaðar og mikilvægt er að réttir hvatar séu til staðar til að sú umbreyting sem þarf að eigi sér stað raungerist.





Stöðugleiki skapar vöxt

Atvinnulíf sem býr við stöðugleika er best til þess fallið að skapa störf og verðmæti fyrir fólkið í landinu. Með stöðugu starfsumhverfi skapast skilyrði til aukinna fjárfestinga, framleiðnivaxtar og hagvaxtar til lengri tíma. Stöðugleikinn skapar fyrirsjáanleika og eykur fjárfestingu í þáttum sem auka framleiðni. Spurningin um hvernig við sköpum stöðugt starfsumhverfi er því spurningin um hvernig við aukum lífsgæði til framtíðar.




NÝJAR ÚTFLUTNINGSSTOÐIR AUKA STÖÐUGLEIKA

Nýleg niðursveifla í íslensku hagkerfi undirstrikar mikilvægi fjölbreytts efnahagslífs fyrir stöðugleika og hagvöxt. Hagkerfi sem byggir á fáum atvinnugreinum er líklegra til að verða fyrir höggi með tilheyrandi sveiflum og því þarf að fjölga stoðum útflutnings. Í því ljósi er mjög jákvætt að sjá vöxt hugverkaiðnaðar á síðustu misserum en hugverkaiðnaður er nú fjórða stoð útflutnings á Íslandi og gæti orðið sú stærsta ef rétt er á málum haldið. Drifkraftur frumkvöðla hefur þar farið saman við veigamiklar umbætur stjórnvalda í þágu nýsköpunar.

Útflutningstekjur hugverkaiðnaðar

ma.kr.




Heimild: Hagstofa Íslands

Eflum samkeppnishæfni með því að styðja við nýjar útflutningsstoðir þannig að þær fái svigrúm til að vaxa.

FJÖLBREYTTUR STÖÐUGLEIKI KALLAR Á FJÖLBREYTTA NÁLGUN


Stjórnendur íslenskra iðnfyrirtækja vilja stöðugleika. 93% stjórnenda iðnfyrirtækja segja að stöðugt starfsumhverfi skipti miklu máli fyrir rekstur þeirra fyrirtækja. Ekki nema 2% segja að það skipti litlu eða engu máli. Mikil áhersla er á stöðugleikann í öllum greinum iðnaðar og hjá öllum stærðum iðnfyrirtækja.

Hversu miklu eða litlu skiptir eftirfarandi fyrir rekstur fyrirtækis þíns?



Stöðugleikinn er fjölbættur. Í því felst m.a. að hagsveiflur séu ekki miklar, verðbólga sé lág, stöðugleiki ríki á vinnumarkaði og gengi gjaldmiðilsins sé stöðugt. 92% segja að stöðugt verðlag, þ.e. lág verðbólga, skipti miklu máli fyrir rekstur þeirra fyrirtækis. Ekki nema 1% segja það skipta litlu eða engu máli. 87% segja að stöðugt gengi krónunnar skipti miklu máli fyrir rekstur þeirra fyrirtækis og ríflega 3% að það skipti litlu eða engu máli. 88% segja að stöðugleiki á vinnumarkaði skipti miklu máli fyrir rekstur þeirra fyrirtækja. Ekki nema 2% segja það skipta litlu eða engu máli.

Mikilvægt er að stöðugleika sé náð í öllum ofangreindum þáttum til þess að atvinnu- og efnahagslíf sé blómlegt lítið til lengri tíma. Eins og sjá má af þessari upptalningu, sem er þó ekki tæmandi, má með réttum ákvörðunum auka stöðugleika, rétt eins og það er hægt að auka sveiflur.



Eflum samkeppnishæfni með því að nýta þá fjölmörgu þætti sem hafa áhrif á stöðugleika og vinna þar með að fjölbreyttum umbótum.



Stöðugleiki í efnahagsmálum skiptir höfuðmáli fyrir fyrirtæki í tölvuleikjaiðnaði. Dýrtið ásamt miklum sveiflum og óvissa í efnahagsmálum gerir fyrirtækjum í hugverkaiðnaði heilt yfir erfitt að byggja upp starfsemi hér á landi. Það gerir okkur líka erfitt að sækja í mannauð erlendis og flytja til landsins. Mannauðurinn er okkar helsta auðlind.

Þorgeir Óðinsson, framkvæmdastjóri Directive Games og formaður Samtaka leikjaframleiðenda.

OPINBER FJÁRMÁL OG PENINGAMÁL STYÐJA VIÐ STÖÐUGLEIKA

Starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja hefur ekki verið stöðugt í gegnum tíðina þó að með bættri hagstjórn og fjölbreyttara efnahagslífi hafi dregið úr óstöðugleikanum. Í undanfarinni niðursveiflu hefur tekist betur til en oft áður að beita tækjum hagstjórnar til að milda niðursveifluna og skapa grundvöll fyrir hagvöxt litið til lengri tíma. Góð skuldastaða hins opinbera ásamt verðbólguvæntingum við 2,5% markmið Seðlabankans við upphaf niðursveiflunnar eru meðal þátta sem gáfu bæði hinu opinbera og Seðlabankanum tækifæri til að beita opinberum fjármálum og peningamálum af þunga til að vinna gegn niðursveiflunni.

Verkefnið nú snýr að því að skapa jafnvægi í uppsveiflunni, þ.e. að draga úr þeirri miklu verðbólgu sem hefur fylgt ójafnvægi á framboðs- og eftirspurnarhlið efnahagslífsins samhliða því að hagkerfið hefur tekið við sér á ný eftir niðursveiflu síðustu ára. Stjórnvöld þurfa að ráðist í aðgerðir til að auka framboð og skapa þannig greiðari leið fyrir hagkerfið til að vaxa.


Hvað varðar fjármál ríkis og sveitarfélaga er mikilvægt að þeim sé beitt með virkari hætti en verið hefur til að skapa stöðugleika. Verkefnið nú er að beita aðhaldi í opinberum rekstri og skapa skuldastöðu sem er sjálfbær og gefur möguleika til að nýta þetta tæki hagstjórnar til að draga úr efnahagsniðursveiflum framtíðar. Stjórnvöld eiga að leggja áherslu á þá þætti sem styðja við framboðshlið hagkerfisins og auka þannig verðmætasköpun litið til lengri tíma. Má þar nefna aðgerðir á sviði mannauðs, innviða og nýsköpunar.

Í peningamálum er mikilvægt að beita tækjum Seðlabankans með virkum hætti til að halda verðbólgu lágrí og tryggja fjármálastöðugleika. Verkefnið nú er að ná verðbólgu og verðbólguvæntingum niður í markmið peningastefnunnar án þess þó að hægja of mikið á ferðinni.

Verðbólga og hærri vextir bitna á fyrirtækjum og heimilum landsins. Sú staðreynd að stýrivextir eru hærri hér en í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við

Árleg breyting landsframleiðslu, %

2000–2021




Heimild: Hagstofa Íslands

endurspeglar að hluta að Seðlabankinn hefur farið hraðar í hækkun stýrivaxta en flestir erlendir seðlabankar. Það hefur vakið upp spurningar um hvort bankinn sé að stíga of hart á bremsuna.

Verðbólgan nú er helst af tvennum toga. Annars vegar er um að ræða verðbólgu vegna mikillar erlendar verðbólgu og ekki síst vegna hækkunar á verði hrávara og olíu tengt bæði heimsfaraldri Covid-19 og innrásar Rússa í Úkraínu. Sá hluti verðbólgunnar er innfluttur og utan áhrifasviðs Seðlabankans og ætti því peningastefnunefnd Seðlabankans að horfa framhjá þeim þætti við vaxtaákvæðanir sínar. Hrávöruverð og olía hafa lækkað nokkuð á heimsmarkaði undanfarið og gefur það vonir um að þessi þáttur verðbólgunnar fari minnkandi. Áhrifa vegna röskunar á aðfangakeðjum heimsins mun þó gæta eitthvað áfram.

Verðbólga á Íslandi, %

2012–2022



Hins vegar er um að ræða verðbólgu sem er til komin vegna mikillar hækkunar á húsnæðisverði. Húsnæðisverð hefur hækkað hratt síðustu misseri vegna misvægis í framboði og eftirspurn á þeim markaði um margra ára skeið. Stór þáttur í því er að of fáar íbúðir hafa verið byggðar undanfarin 15 ár eða svo. Stjórnvöld þurfa að ráðist að rótum þess vanda með aðgerðum sem draga úr takmörkunum og tófum s.s. með auknu lóðaframboði. Skref í þá átt er rammasamningur ríkis og sveitarfélaga um uppbyggingu 35 þúsund íbúða á næstu tíu árum. Sammælast þessir aðilar þar með í fyrsta sinn um stefnu og aðgerðir til að tryggja húsnæðisuppbyggingu í samræmi við þörf.

Til að skapa stöðugleika á húsnæðismarkaði skiptir mestu máli að öll sveitarfélögin fylgi samkomulaginu eftir og verði þannig hluti af lausn vandans. Því fylgir að breyta skipulagi í þágu aukinnar uppbyggingar, taka stjórnábyrgð húsnæðisuppbyggingar til gagngerrar endurskoðunar í þágu skilvirkni, gera lóðir tilbúnar og aðgengilegar og byggja nauðsynlega innviði.

Eflum samkeppnishæfni með því að beita hagstjórnartækjum þannig að stutt verði við framboðshlið hagkerfisins.



Það er engin atvinnugrein jafn sveiflukennd og byggingariðnaðurinn. Þetta er fljótt að koma og fljótt að fara í þessari grein. Það koma mögur ár og þá er gríðarlega mikilvægt fyrir fyrirtæki í þessum bransa að hafa mikið og gott eigið fé til þess að takast á við sveiflurnar. Það er dýrt að reka fyrirtæki sem þarf að vera eins og harmóníka. Við þurfum að auka stöðugleikann.

Gylfi Gíslason,
framkvæmdastjóri og einn eigenda Jáverks.

NÝIR KJARASAMNINGAR RENNI STÖÐUM UNDIR STÖÐUGLEIKA

Kjarasamningar sem undirritaðir voru í apríl 2019 og ná til meirihluta alls almenna vinnumarkaðarins á Íslandi renna út í byrjun nóvember 2022. Það eru ríflega 300 kjarasamningar stéttarfélaganna sem semja fyrir meginþorra launþega. Forsæli niðurstaða nýrra kjarasamninga er lykilþáttur í því að ná tökum á verðbólgu og vaxtastigi. Meginmarkmiðið ætti að vera að viðhalda stöðugleika á vinnumarkaði og varðveita þann árangur sem náðst hefur á síðustu árum, en frá árinu 2012 hefur kaupmáttur launa aukist um 55-57% á sama tíma og kaupmáttur hefur aukist um 2-10% á hinum Norðurlöndunum. Þrátt fyrir áföll á núverandi samningstímabili jókst kaupmáttur launa skv. launavísitölu Hagstofu frá apríl 2019 til apríl 2022 um 8,6% og kaupmáttur lægsta umsamda launataxta um 9,7%.




Rekstrarumhverfið er mjög krefjandi um þessar mundir eftir samdrátt síðustu missera, miklar launahækkningar og verðbólgu. Samkeppnisstaða innlendra fyrirtækja gagnvart erlendum er erfið.

Rannveig Tryggvadóttir,
framkvæmdastjóri Kötlu og
formaður Matvælaráðs SI.

Fyrirtæki eru nú að takast á við afleiðingar nýliðinnar niðursveiflu og hækkandi kostnaðar. Verðhækkun aðfanga hefur verið mikil og tafir í aðfangakeðjunni. Einnig hafa launahækkningar verið miklar. Hratt hækkandi innlendir kostnaður hefur veikt stöðu íslenskra fyrirtækja í erlendri samkeppni. Vegna þessa þurfa viðræður aðila vinnumarkaðarins í komandi kjarasamningum að taka mið af því að svigrúm til launahækkana er lítið sem ekkert. Líta þarf frekar til tækifæra til að auka hagvöxt, draga úr verðbólgu og stuðla að lækkingu vaxta sem skila sér í raunverulegri kjarabót fyrir heimilin í landinu. Kjarasamningar þurfa einnig að taka mið af síbreytilegri samsetningu atvinnulífs og vexti nýrra atvinnugreina á undanförunum árum.

Laun og tengd gjöld sem hlutfall af landsframleiðslu, %

2021 eða nýjasta gildi




Laun hér á landi eru há í alþjóðlegum samanburði. Á árinu 2021 var launakostnaður á hverja unna stund með því hæsta sem gerist og um 30% hærri hér en að meðaltali í Evrópu. Raungengi krónunnar á mælikvarða launa, sem sýnir þróun hlutfalls launakostnaðar á framleidda einingu hér á landi og löndum helstu samkeppnisaðila, hefur verið að hækka undanfarið samhliða styrkingu krónunnar og hækkun innlendra launa. Samkeppnisstaða innlendra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum þeirra hefur versnað og er þung um þessar mundir.



Raugengi


Vísitala, 2005 = 100



Hið opinbera, ríkið en einkum sveitarfélögin, hefur á síðustu árum leitt launaprún hér á landi. Tölur um launahækkunir síðustu ára tala sínu máli. Á tíma Lífskjarasamningsins frá mars 2019 hafa laun hjá opinberum starfsmönnum hækkað um 18,7% samanborið við 14% á almenna markaðinum. Á þessum tíma hefur opinberum starfsmönnum líka fjölgað umtalsvert eða um 12% á sama tíma og starfsmönnum á almennum vinnumarkaði fækkaði um 2%. Nú eru opinberir starfsmenn rétt ríflega 77 þúsund eða um 32% af heildarfjölda starfandi hér á landi.

Meðal launakostnaður á unna stund


Evrur



Flækjustig kjarasamninga er mikið og fjöldi samninga of mikill. Misræmi milli samninga og hversu ört þeim er breytt stuðlar síður að stöðugum og skilvirkum vinnumarkaði. Skortur er á sveigjanleika og svigrúmi til aðlögunar eftir aðstæðum. Æskilegt er að kjarasamningar taki í auknum mæli mið af atvinnugreinum og auki vægi þeirra þátta sem útfærðir eru innan einstaka fyrirtækja. Í nýrri tegund iðnaðar, s.s. á sviði hugverka- eða hátækni-iðnaðar, endurspeglar kjarasamningsumhverfið ekki þá þróun sem orðið hefur á störfum á almennum vinnumarkaði. Hugtakið kjör þarf að skoðast í víðara samhengi þar sem horft er einnig til starfsskilyrða á borð við sveigjanlegan vinnutíma, sveigjanlega vinnuáðstöðu, möguleika á endurmenntun og þróun í starfi eða kaupréttaráætlanir. Fyrirtæki leggja oft mikið á sig til að þjálfa starfsmenn og búa þeim eftirsóknarvert starfsumhverfi án þess að það sé metið þeim til tekna.


Þróun launavísitölu

janúar 2019 til maí 2022



Eflum samkeppnishæfni með því að ná kjarasamningum sem renna stöðum undir stöðugleika auk þess að einfalda kjarasamninga og láta þá taka mið af vexti nýrra atvinnugreina.





An aerial photograph of a long, narrow wooden bridge spanning a river. The water is a deep, vibrant blue-green color. Large, dark, rounded rocks are visible in the riverbed, particularly in the foreground and middle ground. The bridge is made of weathered wood and has several small structures or supports along its length. The overall scene is serene and natural.

Hagkvæmni skapar samkeppnisforskot

Hagkvæmt starfsumhverfi þarf til að skapa samkeppnisforskot. Með því að léttu álöggum af fyrirtækjum má auka hagkvæmni í rekstri þeirra og þannig skapa fleiri störf, auka fjárfestingar og verðmæti. Hagkvæmt starfsumhverfi er grunnforsenda þess að fyrirtæki dafni og styðji við efnahagslega velsæld landsmanna.



ÍBYNGJANDI ÁLÖGUR LÆKKAÐAR


Um 40% verðmætasköpunar íslenska hagkerfisins rennur til stjórnvalda í formi skatta og gjalda. Hlutfallið er hátt í alþjóðlegum samanburði. Álögur hins opinbera á fyrirtæki og heimili í landinu í formi skatta og gjalda eru því miklar í samanburði við flest önnur ríki.

Álögur á íslensk fyrirtæki eru af ýmsum toga og margar mjög íþyngjandi fyrir atvinnulífið. Háir skattar og gjöld eru byrði fyrir fyrirtækin að bera í samkeppni. Með lækkun tryggingagjalds og fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði má skapa samkeppnisforskot. Einnig skiptir miklu að eftirlits- og þjónustugjöld séu lág. Með lækkun á þessum álögom má efla fyrirtækin til aukinnar verðmætasköpunar.

Stjórnvöld þurfa að setji stefnu í skattamálum þar sem horft er til samkeppnishæfni atvinnulífs. Skattaumhverfið þarf að vera stöðugt, álögur lágar, reglur einfaldar og skýrar og skattframkvæmdin fyrirsjáanleg. Stefna stjórnvalda þar sem leiðarljósið er lágir skattar og gjöld í samanburði við helstu samkeppnislönd skapar mikilvægan þátt í samkeppnishæfni fyrirtækja.


Skatttekjur hins opinbera, hlutfall af landsframleiðslu, %

OECD ríki, 2020, leiðrétt fyrir almannatryggingum



81% stjórnenda íslenskra iðnfyrirtækja segja það skipta miklu máli fyrir rekstur þeirra fyrirtækja að lækka tryggingagjaldið en ekki nema 4% segja það skipta litlu eða engu máli. 71% segja að lækkun tekjuskatts fyrirtækja skipti miklu fyrir rekstur þeirra fyrirtækja, 64% segja að lækkun fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði skipti miklu máli og 59% lækkun á eftirlits- og þjónustugjöldum opinberra aðila. 75% segja miklu skipta fyrir rekstur þeirra fyrirtækja að lækka fjármagnskostnað fyrirtækja og 55% að bæta aðgengi fyrirtækja að fjármagni.

Hversu miklu eða litlu skipta eftirfarandi aðgerðir stjórnvalda fyrir rekstur fyrirtækis þíns?



Eflum samkeppnishæfni með því að lækka íþyngjandi álögur.

EFNAHAGSLEGIR HVATAR TIL AÐ STYÐJA VIÐ STEFNUMÖRKUN NÝTTIR

Fyrirkomulag skattlagningar og gjaldtöku hefur áhrif á ákvarðanatöku. Hið sama gildir um ívilnanir af ýmsum toga eins og afslætti, endurgreiðslur og lægri álagningu. Með þessu móti hafa stjórnvöld áhrif á ákvarðanir almennings og stjórnenda fyrirtækja og geta þannig ef rétt er á málum haldið nýtt efnahagslega hvata til að styðja við stefnumörkun. Stjórnvöld eru hvött til að hafa þetta í huga og hafa beitt slíkum hvötum til þess að breyta hegðun og ná fram stefnumarkmiðum sínum. Hér verða nefnd nokkur dæmi þess.

Endurgreiðslur vegna rannsókn- og þróunarkostnaðar hafa þannig átt ríkan þátt í því, ásamt drifkrafti frumkvöðla, að gera hugverkaiðnað að fjórðu stoð hagkerfisins. Fyrirkomulagið er að evrópski fyrirmynd og þekkist í mörgum ríkjum heims. Með endurgreiðslum geta fyrirtæki aukið rannsókn- og þróunarstarf og ríkið fjárfestir þannig með fyrirtækjunum í hagvexti framtíðar. Besta leiðin til að ná metnaðarfullu og raunhæfu markmiði um að hugverkaiðnaður verði stærsta stoð hagkerfisins í lok þessa áratugar er að festa endurgreiðslur vegna rannsókn- og þróunarkostnaðar í sessi.

Skattalegar ívilnanir vegna erlendra sérfræðinga hafa gert fyrirtækjum kleift að laða hæfileikaríkt fólk til landsins undanfarin ár. Ólíkt öðrum útflutningsgreinum þá byggir hugverkaiðnaður ekki á náttúruauðlindum heldur á mannauði og forsenda frekari vaxtar er því sú að það takist að laða fleiri erlenda sérfræðinga til landsins, samhliða því að íslenskt menntakerfi mennti fleiri sérfræðinga.

Allir vinna, með endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu iðnaðarmanna hefur skapað störf, aukið viðhald og verðmæti eigna og dregið úr svartri atvinnustarfsemi. Þegar virðisaukaskattur var lagður á í stað söluskatts á níunda áratug síðustu aldar þá var söluskattur ekki lagður á vinnu iðnaðarmanna. Við breytinguna var virðisaukaskattur vegna vinnu iðnaðarmanna endurgreiddur að fullu næstu árin en í efnahagsþrengingum á tíunda áratug síðustu aldar var endurgreiðsluhlutfallið lækkað niður í 60%. Hlutfallið var aftur hækkað í 100% árið 2009 og lækkað aftur árið 2013. Árið 2020 var hlutfallið aftur hækkað í 100% út september 2022. Þetta fyrirkomulag á sér því eðlilegar skýringar og hefur í gegnum tíðina skilað miklum árangri.


Eflum samkeppnishæfni með því að nýta efnahagslega hvata til að ná fram stefnumarkmiðum.

TRYGGINGAGJALD LÆKKAÐ

Tryggingagjald er skattur sem launagreiðendur bera af greiddum launum og er stór kostnaðarliður fyrir íslenskan vinnumarkað. Gjaldið eykur kostnað fyrirtækja við hvern starfsmann á launaskrá og dregur með því úr svigrúmi til launahækkana, ráðninga, fjárfestinga og annarra umsvifa. Gjaldtakan er áætluð yfir 118 ma.kr. árið 2022 og tæplega 127 ma.kr. á árinu 2023. Hækkar gjaldið sem hlutfall af landsframleiðslu úr 3,0% í 3,3% á milli ára. Hátt tryggingagjald kemur verst niður á þeim fyrirtækjum þar sem launahlutfallið er hátt, þ.e. þar sem kostnaður einskorðast fyrst og fremst við laun og launatengd gjöld. Það á við um mörg iðnfyrirtæki líkt og verkfræðistofur, arkitektastofur og ýmis fyrirtæki í hugverkaiðnaði. Tryggingagjaldið veikir samkeppnishæfni innlendra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum og dregur úr getu fyrirtækjanna að ráða til sín starfsmenn og þar með er dregið úr tekjugrunni tryggingagjaldsins.

Tryggingagjöld

ma.kr.



Laun á Íslandi eru há í sögulegu og alþjóðlegu ljósi. Hlutfall launa í landsframleiðslu er einnig hátt. Það er áskorun fyrir atvinnulífið að skapa hagvöxt við þessi skilyrði. Leiðin í átt að aukinni velsæld og sterkari ríkisfjármálum er vöxtur en ekki aukin skattlagning. Nú þegar efla þarf verðmætasköpun og fjölga störfum í einkageiranum þarf tryggingagjaldið að lækka. Lækkun gjaldsins þarf ekki að þýða minni tekjur til ríkissjóðs aukist atvinnusköpun á móti.

Sveiflujöfnun atvinnuþryggingagjaldsins, þ.e. sá hluti tryggingagjaldsins sem ætlað er að fjármagna atvinnuleysistryggingar, er best tryggð með ákvörðun hlutfalls þess til langs tíma sem tekur tillit til áætlaðs jafnvægis atvinnuleysis og gildandi bótaréttar.



Launahlutfallið í okkar fyrirtæki er mjög hátt og hefur hækkað á síðustu árum. Hátt tryggingagjald kemur því illa við okkur. Við erum oft að keppa við erlenda aðila sem búa við allt annan veruleika en við í þessum efnum. Það gefur auga leið að hátt tryggingagjald veikir okkar stöðu í þeirri samkeppni umtalsvert. Lækkun gjaldsins myndi hjálpa okkur.

Guðmundur Fertram Sigurjónsson,
stofnandi og forstjóri Kerecis.

Fjármögnunarbúi blasir við varðandi lífeyri almannatrygginga til framtíðar. Aukin réttindi og fjölgun lífeyrisþega hefur aukið kostnað sem að hluta er fjármagnaður með tryggingagjaldinu. Lítið til framtíðar er augljóst að kostnaði ríkisins vegna þessara lýðfræðilegu breytinga verður ekki varpað yfir á tryggingagjaldið án neikvæðra afleiðinga á atvinnusköpun og samkeppnisstöðu atvinnulífsins.


Heildarendurskoðun þarf að fara fram á fyrirkomulagi tryggingagjalds svo unnt sé að standa vörð um markmið tryggingakerfisins til framtíðar. Breyta þarf kerfinu til að auka fyrirsjáanleika, gagnsæi, trúverðugleika og sjálfbærni tryggingakerfisins til framtíðar.



” Það er allt of mikill munur á því sem við greiðum launþegum og því sem þeir fá. Það þarf að lækka launatengd gjöld þannig að stærri hluti af greiddum launum rati í vasa launþega.


Hjörleifur Stefánsson, löggiltur rafverktaki hjá Nesraf og formaður Samtaka rafverktaka, SART.

Tryggingagjald 2022, skipting



Á síðustu árum hefur hlutur heildarlauna sem fer í launakostnað og þannig ekki í vasa launþega verið að hækka. Nú er svo komið að tæplega 21 króna af hverjum 100 krónum sem greiddar eru í laun fer í launakostnað annan en laun en tryggingagjaldið er hluti af þessum launakostnaði. Draga þarf úr muninum sem er á þeim launum sem atvinnurekandinn greiðir launþega og þeim launum sem launþeginn fær.

Hlutfall launakostnaðar annars en launa, %



Eflum samkeppnishæfni með því að lækka tryggingagjald og endurskoða grundvöll þess.

LÆKKA FASTEIGNASKATTA Á ATVINNUHÚSNÆÐI

Fasteignaskattar eru álögur sem greiddar eru samkvæmt árlegu mati á verðmæti húsnæðis. Álagningarhlutfall fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði er margfalt hærra en af íbúðarhúsnæði og hefur orðið sífellt meira íþyngjandi fyrir atvinnurekendur á Íslandi á síðustu árum. Það skýtur skökku við að skattar á atvinnuhúsnæði séu í hækunartakti sem er mun hraðari en verðmætasköpun í hagkerfinu. Auk þess eru reglur um útreikninga fasteignaskatta afar óheppilegar og ósanngjarnar. Skattstofn fasteignaskatta ræðst af markaðs- eða leiguverði. Álagning fasteignaskatta er beintengd við þróun fasteignamats sem aftur þróast í takt við mat Þjóðskrár um þróun verðs atvinnuhúsnæðis en það mat er háð mikilli óvissu. Í kerfinu felst hvati fyrir sveitarfélög að takmarka lóðaframboð því þannig geta þau þrýst verði íbúða upp og sínum tekjum af fasteignasköttunum. Það er því hvati í kerfinu til að skapa lóðaskort. Fyrirkomulagið sem er við lýði veldur ófyrirsjáanleika sem er afar óhentugt fyrir atvinnustarfsemi í landinu. Þessi háa skattlagning dregur úr samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og þar með getu fyrirtækja til að skapa störf og verðmæti.






Fasteignaskattar á atvinnuhúsnæði hafa hækkað mikið á síðustu árum. Árið 2021 voru þeir tæplega 16 mö.kr. hærri en þeir voru fyrir 10 árum síðan. Nemur hækkunin 112%. Álagðir fasteignaskattar á íslensk fyrirtæki eru mjög háir í alþjóðlegum samanburði. Þeir eru t.d. mun hærri hér en á hinum Norðurlöndunum. Fasteignaskattar á atvinnuhúsnæði voru um 0,9% af landsframleiðslu í fyrra samanborið við 0,2% í Noregi og um 0,4% í Finnlandi og Svíþjóð.

” Það verður að breyta reglum um álagningu fasteignagjalda. Þessi mikla hækkun sem orðið hefur á þessari skattlagningu á síðustu árum er alveg glórulaus. Endurskoða þarf grundvöll álagningar. Fasteignamat á ekki að myndi grunn að skattlagningu með þessum hætti.

Jón Þórðarson,
formaður Meistarafélags
iðnaðarmanna í Hafnarfirði.

Fasteignaskattar á atvinnuhúsnæði

Í mö.kr.




Heimild: Samband íslenskra sveitafélaga

Álagningarprósenta fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði er almennt lægri í Skandinavíu en hér. Einnig er álagningarstofninn almennt lægra hlutfall af metnu markaðsvirði eignanna. Í Noregi má skatthlutfallið fara í hámark 0,7% og skattstofninn að hámarki 70% af markaðsvirði. Hér á landi má skatthlutfallið fara í 1,65% og er skattstofninn 100% af markaðsvirði. Aðferð við útreikning skattstofns er einnig önnur og hafa takmörk verið sett í undanförunum hækkunum á húsnæðisverði. Í Danmörku hefur t.d. verið sett bann eða miklar takmarkanir á hversu mikið grunnur skattlagningarinnar hefur mátt hækka árlega. Þannig hefur verið takmarkað eða komið í veg fyrir að mikil hækkun á húsnæðisverði hafi skilað verulega aukinni skattlagningu á tíma niðursveiflu í efnahagslífinu.

Fasteignaskattar á atvinnuhúsnæði árið 2020

Hlutfall af landsframleiðslu, %



Heimild: OECD

Sveitarstjórnir nokkurra stærstu sveitarfélaganna hér á landi hafa tilkynnt að þær ætli að mæta hækkun fasteignamatsins nú með lækkun álagningarprósentunnar. Má þar nefna Garðabæ, Kópavog og Hafnarfjörð. Framganga þeirra er til fyrirmyndar fyrir sveitarstjórnir annarra sveitarfélaga, Ekki síst fyrir borgarstjórn Reykjavíkur sem hefur verið treg til að lækka þessar þungu álögur á fyrirtæki á svæðinu. Ríflega önnur hver króna skatttekna sveitarfélaga landsins af fasteignasköttum á atvinnuhúsnæði rennur í borgarsjóð.

Eflum samkeppnishæfni með því að endurskoða fyrirkomulag fasteignaskatta með það að markmiði að minnka álögur á fyrirtæki og auka stöðugleika við innheimtu skattsins.





” Þessi mismunun í virðisaukaskattskerfinu veikir verulega samkeppnisstöðu innlendra prentsmiðja gagnvart erlendum keppinautum. Þetta bætist við erfiða samkeppnisstöðu þar sem launa- og framleiðslukostnaður er almennt mun lægri hjá erlendum keppinautum og umhverfismál oft ekki eins vel sinnt í þeirra framleiðslu. Af þessum sökum er stærsti hluti íslenskra bóka prentaður erlendis. Þetta kemur niður á verðmæta- og atvinnusköpun okkar fyrirtækja hér á landi.

Ingibjörg Steinunn
Ingjaldsdóttir,
 framkvæmdastjóri
 mannauðs- og markaðssviðs
 hjá Prentmet Odda.


VIRÐISAUKASKATTSKERFIÐ SAMRÆMT

Virðisaukaskattur skilar þremur af hverju fjórum krónum sem hið opinbera fær í tekjur af neyslusköttum. Álagning virðisaukaskatts á vörur og þjónustu fyrirtækja hefur því veruleg áhrif á starfsumhverfi þeirra og því mikilvægt að tryggja aukna skilvirkni og fjárféðanleika í framkvæmd skatteftirlits með virðisaukaskatti. Lögin eru komin til ára sinna og þörf á heildarendurskoðun þeirra með það að markmiði að einfalda þau og auka skilvirkni og fjárféðanleika í framkvæmd skatteftirlits. Ennfremur er mikilvægt að endurskoðun endurspegli atvinnu- og skattastefnu stjórnvalda þar sem tryggt er að skattheimtan hygji ekki erlendum keppinautum á kostnað innlendra framleiðslu en jafnframt horft til þess að skapa jákvæða hvata sem styðja við markmið stjórnvalda, m.a. í umhverfismálum og uppbyggingu innviða og mannvirkja. Málsmeðferðartími Skattsins í virðisaukaskattmálum er óhóflega langur og afgreiðsla mála á tíðum ekki í samræmi við meginreglur stjórnsýsluréttar. Þörf er á að hægt sé að sækja áreiðanlegar leiðbeiningar til skattayfirvalda og koma í veg fyrir að sambærileg viðskipti séu skattlögð með ólíkum hætti milli gjaldára án þess að breytingar hafi orðið á regluverki

Mikilvægt er að virðisaukaskattur veiki ekki samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja gegn erlendum keppinautum. Til að mynda býr íslenskur prentiðnaður við skerta samkeppnisstöðu vegna þess að lagður er lægri virðisaukaskattur á innflutt prentverk (11%) en á innlenda prentþjónustu (24%). Þetta misræmi stuðlar að því að hagkvæmara er láta prenta íslensk verk erlendis og flytja þau til landsins frekar en prenta þau hérlandis. Með aðgerðum sínum hygla stjórnvöld beinlínis erlendum fyrirtækjum á kostnað innlendra. Um 80% íslenskra verka eru prentuð erlendis. Skytur skökku við að stjórnvöld skapi slíka hvata þvert á önnur markmið en íslensk framleiðsla styður við atvinnusköpun í landinu og er einnig umhverfissvænni valkostur.

Annað dæmi um ósamræmi í virðisaukaskattskerfinu er að einkareknar húðmeðferðarstofur bjóða í auknum mæli upp á þjónustu sambærilega við meðferðir á snyrtistofum. Þjónusta snyrtifræðinga ber almennan virðisaukaskatt 24% en enginn virðisaukaskattur er lagður á þjónustu heilbrigðisstarfsfólks sem skekkir verulega samkeppnisstöðu snyrtifræðinga. Með þessu hygla stjórnvöld tiltekinni starfsemi á kostnað annarrar.

Eflum samkeppnishæfni með því að samræma virðisaukaskattskerfið og tryggja þannig sanngjarna og skilvirka framkvæmd til að koma í veg fyrir að virðisaukaskattur veiki samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja.



ÞJÓNUSTUGJÖLD GAGNSÆRRI

Fyrir utan skatta sem lagðir eru á til almennrar tekjuöflunar innheimta ríki og sveitarfélög margvísleg þjónustugjöld sem ætlað er að standa undir kostnaði við sértæka þjónustu. Almenna krafan er sú að þjónustugjöld styðjist við lagaheimild og að ákvörðun um fjárhæð þjónustugjalds verði að byggja á traustum útreikningi á þeim kostnaði sem hlýst af því að veita umrædda þjónustu. Lönfyrirtæki greiða þannig margvísleg gjöld til eftirlitsstofnana og sveitarfélaga vegna starfsleyfa, vinnuvélaskoðana, stöðuleyfa fyrir gáma, eftirlits og vegna ýmissa annarra kvaða sem fyrirtækjum er gert að sæta.


Heimildum til innheimtu á gjöldum fyrir opinbera þjónustu hefur fjölgað verulega undanfarin ár. Víðtækar heimildir stjórnvalda til að velta kostnaði af framkvæmd stjórnarathafna yfir á fyrirtæki leiðir til skorts á aðhaldi í rekstri þeirra. Þá vantar skýrari umgjörð og aukið gagnsæi um hvernig ákvarðað er hvenær rétt er að leggja á þjónustugjöld og með hvaða hætti. Fyrirtæki sem þurfa starfsemi sinnar vegna að

greiða gjöld til að tryggja lögmæti hennar eiga að geta gert þá sanngjörnu kröfu að kostnaður við eftirlit sé skýr, afmarkaður og fyrirsjáanlegur. Takmarkanir þurfa að vera á því hvaða kostnaðarliði megi leggja til grundvallar og tryggja þarf aðhald.

Álagning sveitarfélaga á gjaldi fyrir útgáfu stöðuleyfa fyrir gáma hefur borið þau merki að vera fremur skattur en þjónustugjald. Mörg sveitarfélög miða ekki við þann kostnað sem hlýst af útgáfu stöðuleyfa heldur stærð eða fjölda gáma. Í þeim tilvikum þegar eitt gjald er tekið, án tillits til stærðar gáma, er fjárhæð gjaldanna mjög ólík á milli

Stöðuleyfisgjald, eftir stærð gáms

Árgjald í þús. kr.



Heimild: Gjaldskrár sveitarfélaganna

sveitarfélaga. Gjaldtaka byggð á stærð og fjölda gáma hefur ekki rúmast innan laga um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerðar samkvæmt úrskurðum úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Samtök iðnaðarins hafa skorað á sveitarfélög að breyta gjaldskrár sínum til samræmis við úrskurði úrskurðarnefndar, en í mörgum tilvikum án aðgerða sveitarfélaga. Eðlilegt er að sveitarfélög láti af innheimtu gjalda fyrir útgáfu stöðuleyfa fyrir gáma sem bera fremur einkenni skatts en þjónustugjalda, í trássi við lög.

Gefin var út skýrsla vinnuhóps um eftirlitsstofnanir á vettvangi forsætisráðuneytisins árið 2014 þar sem kemur fram að hinar ýmsu sértekjur og eftirlitsgjöld kunni að skapa óæskilegan hvata fyrir eftirlitsstofnanir að beina aðgerðum sínum að atriðum sem skapi slíkar tekjur. Sú staða er óheppileg bæði varðandi hvernig fjármunum til eftirlits sé ráðstafað af eftirlitsstofnunin og einnig þegar komi að trúverðugleika eftirlitsaðgerðanna. Vinnuhópurinn lagði til að gerð væri breyting á fjármögnun þeirra eftirlitsstofnana sem á þeim tíma sóttu sér sértekjur á grundvelli eftirlitsaðgerða.

Lagði vinnuhópurinn jafnframt til að eftirlitsstofnanir væru nær eingöngu fjármagnaðar af framlögum úr ríkissjóði á fjárlögum og sértekjur eftirlitsstofnana rynnu óskiptar í ríkissjóð. Á undanförunum árum hafa ekki verið gerðar breytingar til að koma til móts við umrædd sjónarmið eða gerð breyting á fjármögnunarfyrirkomulagi eftirlitsstofnana, að öðru leyti en að takmarka svokallaða markaða tekjustofna.

Eflum samkeppnishæfni með því að gera þjónustugjöld gagnsærri.

UMHVERFISGJÖLD SKILI SÉR TIL BAKA Í UMHVERFIS- OG LOFTSLAGSAÐGERÐIR

Innleiddar hafa verið fjölmargar tegundir umhverfisgjalda í iðnaði og á öðrum sviðum atvinnulífs. Má nefna gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs eða notkunar á tilteknum efnum sem og skila- eða kolefnisgjöld. Í grunninn er tilgangur umhverfisgjalda að tryggja að sá sem mengar eða hefur áhrif á umhverfi sitt standi undir þeim kostnaði sem til fellur að bregðast við slíkum áhrifum. Gjöldin geta annaðhvort verið í formi skatts eða þjónustugjalds og eru þessir gjaldstofnar farnir að skila talsverðum tekjum í ríkissjóð. Í einhverjum tilvikum vantar fyrirsjáanleika auk þess sem gagnsæi þarf að ríkja um ákvörðun þessara gjaldstofna og hvort að ávinningurinn sé sannarlega nýttur í þágu umhverfisaðgerða en að ekki sé um að ræða nýja tekjustofna í þágu almennrar tekjuöflun hins opinbera.


Tryggja þarf að gjaldtakan sé ekki án takmarkana og að hún sé ekki fram úr hófi. Í því skyni má nefna gífurlegar kostnaðarhækkanir Sorpu vegna meðhöndlunar úrgangs þar sem gjaldtaka á einstaka liði hefur meira en þrefaldast á undanförunum tveimur árum. Möguleikar fyrirtækja og almennings til að mæta umræddum hækkunum eru takmarkaðir. Tryggja þarf eðlilegt aðhald með gjaldheimtu vegna meðhöndlunar úrgangs á sama tíma og leitað er allra leiða til að auka endurvinnsluhlutfall úrgangs.

Tryggja þarf að umhverfisgjöld hér á landi skili sér aftur í stuðning við aðgerðir á sviði umhverfis- og loftslagsmála, s.s. gjöld vegna ETS kerfisins og kolefnisgjöld svo fáein dæmi séu nefnd. Verði slíkum fjármunum ekki beint aftur í aðgerðir á þessu sviði er slík gjaldtaka bara eins og hver önnur skattheimta, nema hún vinnur í raun gegn markmiðum um árangur í umhverfis- og loftslagsmálum, m.a. í ljósi þess að slíkar álögur grafa undan samkeppnishæfni íslensks iðnaðar sem notar mestmegnis endurnýjanlega orku.

Mikilvægt er að bæta úr þeim ágalla til að skapa traust til þess að umrædd gjöld séu sannarlega nýtt í græn verkefni. Nýir umhverfisskattar eða frekari hækkanir á fyrirliggjandi gjöldum skerða verulega samkeppnishæfni íslenskra fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni gagnvart keppinautum í nálægum löndum sem þurfa ekki að standa undir sambærilegum gjöldum. Með álagningu slíkra gjalda, s.s. kolefnisgjalda af ýmsum toga, þá er sú hættu til staðar að verið sé að hygla fyrirtækjum í þeim ríkjum sem ekki er krafa um greiðslu slíkra gjalda en eru að jafnaði með mun óhagstæðara kolefnisfótspor.

Árlegar tekjur ríkisins af kolefnisgjaldi frá því að innheimta hófst

Í m.ö.kr.



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Eflum samkeppnishæfni með því að gæta hófs við álagningu umhverfisgjalda og tryggja að þau skili sér í umhverfis- og loftslagsaðgerðir

INNVIÐAGJÖLD SETT Í LÖG

Samtök iðnaðarins hafa gagnrýnt að sveitarfélög hafi í auknum mæli gert kröfu um greiðslu svokallaðra innviðagjalda við byggingu nýrra íbúða. Gjaldið er hvorki skattur né þjónustugjald en hefur verið áskilið í samningagerð við aðila sem taka þátt í uppbyggingu í nýjum hverfum. Enginn lagarammi er til staðar um gjaldtökuna og því brýnt að slíku regluverki verði komið á. Mikilvægt er að lög mæli fyrir um að hve miklu leyti megi nota slík gjöld sem almenn tekjuöflunartæki til að standa undir kostnaði við lögbundin verkefni.


Nokkur sveitarfélög, einkum á höfuðborgarsvæðinu, hafa í nokkur ár gert einkaréttarlega samninga við byggingaraðila um innviðagjald, sem ætlað er að mæta kostnaði við innviði á borð við skóla, grunnskóla o.fl. Mismunandi er á milli sveitarfélaga hvernig fyrirkomulagið er og framkvæmdin jafnvel ekki með sama hætti innan sama sveitarfélags.

Samningar Reykjavíkurborgar um greiðslu innviðagjalda hafa verið mjög ólíkir og er engin gildandi gjaldskrá um álagningu innviðagjalda. Samkvæmt svari borgarinnar frá 2019 getur fjárhæð innviðagjalda á fermeter verið frá 7.500 kr. til 24.700 kr. Óljóst er hvað ræður upphæð gjaldanna hverju sinni og hvaða skilmálar fylgja þeim.

Í niðurstöðum starfshóps um aðgerðir og umbætur á húsnæðismarkaði sem birtar voru í maí 2022 var lagt til að skoðað verði hvort setja eigi í lög ákvæði um heimild til álagningar innviðagjaldanna og ákveðið jafnframt hvort álagning þeirra eigi að lúta einkaréttarlegum samningum, reglum um þjónustugjöld vegna nauðsynlegra og fyrirsjáanlegra framkvæmda við grunninnviði sveitarfélags eða lúta skattalegum forsendum.

Eflum samkeppnishæfni með því að setja skýran lagaramma um heimildir sveitarfélaga til innheimtu innviðagjalda.







Skilvirkni skapar svigrúm


Lykilforsenda þess að íslenskt atvinnulíf dafni og samkeppnishæfni þess aukist er að fyrirtæki starfi í skilvirku starfsumhverfi þar sem regluverk er skýrt og eftirlit hóflegt. Þannig skapast svigrúm til að fjölga störfum og sækja tækifæri út fyrir landsteinana til að ná í nauðsynlegar útflutningstekjur. Til mikils er að vinna að einfalda kerfið með sameiningu og fækkun ríkisstofnana og ná þannig fram hagræðingu.



JAFNRÆÐI FYRIRTÆKJA Á MARKAÐI TRYGGT

Draga þarf úr aðgangshindrunum á markaði og tryggja að öll fyrirtæki, einkafyrirtæki sem og opinber fyrirtæki eða stofnanir sem selja þjónustu, starfi eftir sömu leikreglum sem stjórnvöld setja og framfylgja. Markmiðið ætti að vera að búa til heilbrigðan samkeppnismarkað sem er til þess fallinn að lækka verð, auka gæði, bæta þjónustu og stuðla að nýsköpun.

Hversu miklu eða litlu skipta eftirfarandi aðgerðir stjórnvalda fyrir rekstur fyrirtækis þíns?



75% telja miklu máli skipta að stjórnvöld tryggi jafnræði fyrirtækja á markaði. Ekki nema 9% segja að það skipti rekstur þeirra fyrirtækja litlu eða engu máli. 57% segja að miklu máli skipti fyrir rekstur þeirra fyrirtækja að stjórnvöld fari í umbætur við framkvæmd opinbers eftirlits, t.d. með rafrænni stjórnsýslu og útvistun eftirlits. 14% segja að það skipti litlu eða engu máli. 49% segja að umbætur í framkvæmd opinberra

innkaupa skipti mikla máli fyrir rekstur fyrirtækis þeirra en 26% segja að það skipti litlu eða engu máli. Endurspeglar svörin að einungis hluti iðnfyrirtækja starfa á opinberum innkaupamarkaði. Fleiri eða 58% stjórnenda fyrirtækja í mannvirkjajafnaði segja að þetta skipti rekstur þeirra fyrirtækja miklu máli en 19% segja að það skipti þau litlu eða engu máli.

65% stjórnenda iðnfyrirtækja telja skipta miklu máli að stjórnvöld fari í umbætur á laga- og reglugerðarumhverfi fyrirtækja. Einungis 6% segja að það skipti rekstur þeirra fyrirtækja litlu eða engu máli. Einnig segja tæplega 68% að miklu máli skipti fyrir rekstur þeirra fyrirtækja að stjórnvöld gæti íslenskra hagsmuna við þróun og innleiðingu samevrópskra reglna. 16% segja slíkt skipta litlu eða engu máli.

Eflum samkeppnishæfni með því að tryggja jafnræði fyrirtækja á markaði.

ÍÞYNGJANDI ÁKVÆÐI VIÐ LAGASETNINGU RÝND

Ísland mælist eftirbátur hinna Norðurlandanna þegar kemur að því að skapa skilvirkt starfsumhverfi samkvæmt alþjóðlegum úttektum um skilvirkni reglusetningar. Þó stjórnvöld hafi gefið fögur fyrirheit um einföldun þá er víða pottur brotinn. Draga þarf úr íþyngjandi kröfum, auka skilvirkni við framkvæmd eftirlits og bæta samhæfingu milli eftirlitsstofnana. Slíkar breytingar munu auka samkeppnishæfni og greiða fyrir aukinni verðmætasköpun í þágu íslensks samfélags.

Mikil tækifæri eru fólgin í bættum verkferlum við setningu nýrra reglna og ætti íþyngjandi ákvæði ávallt að sæta sérstakri skoðun. Stjórnvöld hafa sett reglur um undirbúning og frágang lagafrumvarpa og tillagna. Þar er ítarlega fjallað um málsmeðferð og meðal annars gert ráð fyrir mati á áhrifum og samráði við þá sem reglurnar hafa áhrif á. Einnig er í lögum ákvæði um setningu opinberra eftirlitsreglna þar sem sérstaklega er tekið fram að meta eigi „þörf fyrir eftirlit, gildi þess og kostnað þjóðfélagsins af því.“ Eitt af þeim atriðum sem ákvæðið tilgreinir að gæti þurft að leggja mat á er kostnaður opinberra aðila, fyrirtækja og einstaklinga og mat á því hvort ná megi sama árangri með hagkvæmari aðferðum. Þrátt fyrir þessi ákvæði er hagsmunamat mjög takmarkað í framkvæmd og virðist helst ná til fjárhagsáhrifa á ríkissjóð og kynjajafnréttis. Að þessu leyti erum við eftirbátur annarra þjóða innan OECD. Samkvæmt skýrslu OECD frá árinu 2021 er hagsmunamat bæði á lögum og reglugerðum vel undir meðaltali OECD ríkjanna, þá sér í lagi við setningu reglugerða. Víðtækara mat á áhrifum frumvarpa og reglugerðardraga á atvinnulífið og aðra hagaðila er til þess fallið að bæta lagasetningu héraðs, stuðla að jákvæðri þróun regluverks og bæta samkeppnisstöðu íslenskra iðnfyrirtækja. Innleiða þarf raunverulegt hagsmunamat á framlögðum frumvörpum og reglugerðardrögum þar sem metin eru áhrif þeirra á fyrirtæki og samfélagið í heild.

Eflum samkeppnishæfni með því að bæta lagasetningu með víðtækara mati á íþyngjandi áhrifum nýrra ákvæða.



” Nýlega fengum við styrk að fjárhæð um 16 milljarða króna úr Nýsköpunarsjóði Evrópu, sem er einn stærsti styrktaraðili grænna nýsköpunarverkefna í heiminum. Styrkurinn var veittur til uppbyggingar á móttöku- og förgunarmiðstöð fyrir CO₂ í Straumsvík, þeirri fyrstu sinnar tegundar í heiminum. Þetta er annar styrkurinn sem við fáum úr þessum sjóði, auk þess sem við höfum tekið þátt í samevrópskum rannsókn- og þróunarverkefnum, þannig að evrópska styrkjaumhverfið hefur haft mjög verulega þýðingu fyrir okkur.

Edda Sif Pind Aradóttir,
framkvæmdastýra Carbfix.

HAGSMUNAGÆSLA Á EVRÓPSKUM VETTvangi VIRKARI

Fjöldmörg lög sem varða íslensk iðnfyrirtæki eiga rætur að rekja til samningsins um evrópska efnahagssvæðið (EES) sem veitir Íslandi, Noregi og Liechtenstein aðgang að innri markaði ríkja Evrópusambandsins (ESB). Áður en reglurnar verða hluti af íslensku réttarhari á sér stað ákveðið ferli þar sem þær eru fyrst mótaður á vettvangi framkvæmdastjórnar Evrópu með aðkomu sérfræðingahópa ríkjanna. Gerðir sem þykja snerta á viðfangsefnum fjórfrelsisins eru þá teknar upp í EES-samninginn með sameiginlegri ákvörðun ESB og EFTA sem heldur utan um sameiginlega stjórnsýslu samningsins fyrir hönd ríkjanna þriggja. Að lokum eru reglurnar innleiddar í íslenska löggjöf. Mikilvægt er að íslenskum hagsmunum sé haldið á lofti á öllum stigum þegar um löggjöf er að ræða sem fyrirséð er að muni hafa marktæk áhrif hér á landi. Reynslan hefur sýnt að unnt er að hafa áhrif á þróun regluverksins en til að ástunda virka hagsmunagæslu af Íslands hálfu þurfa sjónarmiðin að vera skýr og þeim fylgt eftir af festu.

Eflum samkeppnishæfni með því að greina íslenska hagsmuni markvisst og tímanlega við þróun Evrópureglna og fylgja mikilsverðum hagsmunum eftir af festu.

EVróPUREGLUR INNLEIDDAR ÁN ÍÞYNGJANDI VIÐBÓTARKVAÐA

Lengi hefur heyrst gagnrýni á að íslensk stjórnvöld útfæri Evrópureglur með meira íþyngjandi hætti fyrir íslenskt atvinnulíf en nauðsynlegt er. Almennt felur evrópskt regluverk í sér lágmarkskröfur sem ríkin þurfa að innleiða en ríki geta aukið á þær kröfur. Sé það gert skerðir það samkeppnishæfni innlendra fyrirtækja til hagsbóta fyrir fyrirtæki í öðrum löndum Evrópu. Með viðbótarkvöðum sem stjórnvöld setja er dregið að óþörfu úr samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja.

Í reglum forsætisnefndar Alþingis um þinglega meðferð EES-mála kemur fram að í lagafrumvörpum sem innleiða Evrópureglur eigi að gera grein fyrir að hvaða marki það geymi innleiðingu á lágmarkskröfum og að hvaða marki frumvarpið hafi að geyma frávik frá upphaflegu ESB-gerðinni. Gerð er sú krafa að tekið sé sérstaklega fram ef um svokallaða gullhúðun sé að ræða, þ.e. að íslensk stjórnvöld auki við kröfurnar að eigin frumkvæði. Af framkvæmd er ljóst að það vantar upp á að gætt sé að þessu atriði og enn fremur skortir reglubundið mat á því hvort umræddum ákvæðum sé fylgt í framkvæmd. Í skýrsla um EES samstarfið sem rituð var árið 2019 að beiðni Alþingis eru ritaðar nokkrar úrbótatillögur og er meðal annars talin þörf á að „leggja þyrfti grunn að meiri festu í allri stjórn og meðferð EES-mála á heimavelli“. Jafnframt er bent á að þörf væri á stjórnstöð EES-mála innan stjórnsýslunnar með föstu starfslíði sem fylgist með öllu er varðar málaflokkinn á mótunar- og framkvæmdastigi. Benda þessar athugasemdir til þess að þeir ágallar sem eru á framkvæmdinni skýrist að einhverju leyti af skorti á stefnumörkun og eftirfylgni í þágu aukinna gæða við gerð regluverks.

Eflum samkeppnishæfni með því að innleiða Evrópureglur án íþyngjandi viðbótarkvaða.

Ferill Evrópulöggjafar

Evrópusambandið

Löggjöf ESB er þróuð í sérfræðihópum og lagasetningarnefndum sem starfa á vegum framkvæmdastjórnar ESB

EES

Löggjöf ESB sem fellur undir gildissvið EES-samningsins er tekin upp í samninginn í sameiginlegu EES-nefndinni

Alþingi

Alþingi innleiðir skuldbindingar Íslands skv. EES-samningnum inn í íslensk lög

Hagsmunagæsla

Íslendingar eiga rétt til setu í sérfræðihópnum og geta þar fylgst með og haft áhrif á löggjöf í mótun

Aðlögun

Íslendingar hafa beina aðkomu að tilhögun upptöku gerða inn í EES-samninginn en á því stigi er ekki hægt að breyta efnisatriðum löggjafarinnar

Innleiðing

Gæta þarf að því að löggjöf sé ekki innleidd með íþyngjandi hætti og að innlendar kröfur sem gilda samhlöða séu aðlagðar að nýju regluverki

SKRÁ UM OPINBERAR EFTIRLITSREGLUR BIRTAR

Endurskoðun á gildandi regluverki er mikilvægt tæki til að tryggja skilvirkni og að reglur séu uppfærðar og aflagðar eins og samfélagið þróast áfram. Samkvæmt skýrslu OECD eru mikil tækifæri til umbóta í íslenski lagasetningu enda skortir töluvert upp á að lög séu endurmetin með reglubundnum hætti. Löggjöf um opinberar eftirlitsreglur gera ráð fyrir að eftirlitsreglur eigi að hafa takmarkaðan gildistíma og tryggja þurfi reglulega endurskoðun þeirra. Ákvæðum þessara laga um opinberar eftirlitsreglur er ekki framfylgt. Skortir með öllu yfirsýn, aðhald og viðeigandi ferla til að uppfylla kröfur laganna. Ekki er uppfyllt sú grunnforsenda laganna að birta eigi tæmandi skrá yfir þær eftirlitsreglur sem stjórnvöld setja og hún skuli vera aðgengileg almenningi. Enn fremur á ráðherra að skipa nefnd til ráðgjafar um eftirlit á vegum hins opinbera sem og framkvæmd laganna. Slík nefnd er ekki starfandi.

Eflum samkeppnishæfni með því að birta skrá yfir opinberar eftirlitsreglur.



FRAMKVÆMD EFTIRLITS EINFALDAÐ OG ÚTVISTAÐ

Á sumum sviðum eru gerðar miklar kröfur til innra eftirlits fyrirtækja og ytra eftirlit er þá fyrst og fremst falið í stikkprufum á því hvort skilyrði séu uppfyllt. Slík tilhögun þykir að mörgu leyti hagkvæmari og skilvirkari bæði fyrir þá sem gert er að fylgja reglunum og þá sem bera ábyrgð á að fylgja þeim eftir. Aukin notkun staðla í rekstri nota fyrirtæki til að tryggja gæði og að rétt sé farið eftir ferlum. Ákveðnar eftirlitsaðgerðir sem gerð er krafa um í starfsemi iðnfyrirtækja eru í raun óþarfar ef fyrirtækið er þegar með vottun fyrir notkun á tilteknum staðli. Mörg iðnfyrirtæki eru með ISO 9001 gæðastjórnunarkerfi en þurfa engu að síður að láta framkvæma hjá sér virkniskoðanir af hálfu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Mikið hagræði er fólgið í því bæði fyrir fyrirtæki og eftirlitsaðila að viðurkenna úttektir og vottanir byggðar á stöðlum, líkt og ISO 9001.



Vel hefur tekist til við að fela einkaaðilum framkvæmd eftirlitsverkefna á ákveðnum afmörkuðum sviðum, s.s. vegna bifreiðaskoðana. Stjórnvöld þurfa að greina markvisst hvaða eftirlitsaðgerðir henta betur að fela öðrum aðilum en opinberum stofnunum. Nefna má vinnuvélaskoðanir þar sem tækifæri eru til að útvista skoðunum til einkaaðila, líkt og gildir nú um bifreiðaskoðanir, en eftirlit með vinnuvélum er enn hjá Vinnueftirlitinu.

”

Það eru miklar óþarfa tafir og ósamræmi í afgreiðslu hjá byggingafulltrúaembættunum bæði milli sambærilegra mála hjá sama embættinu en einnig á milli embætta. Þessu fylgir bæði óhagræði og kostnaður. Nauðsynlegt er að laga þetta og auka þannig fyrirsjáanleika í afgreiðslu byggingafulltrúaembættanna.

Halldór Eiríksson,
arkitekt hjá T.ark arkitektum og formaður Samtaka arkitektastofa, SAMARK.

Eflum samkeppnishæfni með því að einfalda framkvæmd eftirlits og útvista til einkaaðila.

STJÓRNSÝSLA SVEITARFÉLAGA SAMRÆMD

Í þágu markmiða um skilvirkari stjórnsýslu er mikilvægt að horfa til sveitarstjórnarstigsins þar sem sveitarfélög fara með víðtækt eftirlit. Þar er helst að nefna byggingareftirlit, matvælaeftirlit og hollustuhátta- og mengunarvarnareftirlit. Það væri til mikils að vinna að auka samræmingu á verklagi sveitarfélaga í framkvæmd eftirlits til að auka skilvirkni og minnka sóun bæði hjá eftirlitsaðilum og -þegum. Ýmsar leiðir eru færar til að ná þeim markmiðum, til dæmis auka útvistun eftirlits, sameina eftirlitsembætti og auka hlutverk samræmingaraðila.

Þá hafa sum embætti innheimt eftirlitsgjöld án þess að þær heimsóknir sem eftirlitsgjöldin eigi að standa undir komi til framkvæmda. Ósamræmi er við afgreiðslu sambærilegra mála, bæði innan og á milli embætta sveitarfélaga. Þekkt eru tilvik þar sem hönnunargögnum sem samþykkt eru í einu sveitarfélagi er hafnað þegar þau eru lögð inn óbreytt í öðru sveitarfélagi. Samræma þarf verklag, m.a. með stöðluðum gátlistum, sem tryggir fyrirsjáanleika og samræmi í framkvæmd úttekta. Framkvæmd sem byggir á tilviljunum og geðþótta leiðir til sóunar á framleiðsluþáttum og dregur úr tiltrú á kerfinu.

Ósamræmi í túlkun á regluverki og tafir á úrvinnslu mála leiða til aukins kostnaðar, m.a. við byggingu húsnæðis á tímum þegar miklu máli skiptir að auka húsnæði landsmanna. Sömu sjónarmið eiga við um heilbrigðisfulltrúaembættin víðs vegar um land þar sem skortir samræmingu í eftirliti þeirra.

Eflum samkeppnishæfni með því að samræma stjórnsýslu sveitarfélaga.



MEÐFERÐ KÆRUMÁLA EINFÖLDUÐ

Kærunefndir gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja réttaröryggi borgaranna. Veita þeir einstaklingum og fyrirtækjum heimild til óska eftir að sjálfstæð, sérhæfð nefnd endurskoði ákvarðanir sem teknar eru af hálfu margvíslegra stofnana. Ýmsar áskoranir felast þó í framkvæmd kærumála hérlendis. Kærufjerli geta verið þungbær og sér í lagi þegar kærufjeri varðar eftirlitsstjórnvald kæranda eða eftir atvikum áhrifamikils aðila á markaði, s.s. þegar um framkvæmd opinberra innkaupa er að ræða.

Kærunefndir teljast æðra sett stjórnvald og því hefur það verið gagnrýnt að í auknum mæli hefur hinu lægra setta stjórnvaldi verið veitt heimild til að höfða mál fyrir dómstólum til ógildingar á úrskurði kærunefndar sé niðurstaða hennar þeim ekki að skapi. Almenn gildir sú regla að úrlausn æðra setts stjórnvalds er bindandi fyrir lægra sett stjórnvald. Þarf sérstaka lagaheimild til að heimila opinberum aðilum slík málskot. Slíkar heimildir eru fyrir hendi í ýmsum lagabálkum, t.d. samkeppnislögum, lögum um yfirsattanefnd og lögum um opinber innkaup. Opinberum aðilum er heimilað að stefna því fyrirtæki sem óskaði eftir endurskoðun á ákvörðun stjórnvaldsins fyrir dóm í því skyni að hnekkja niðurstöðu hins æðra stjórnvalds. Slíkar heimildir þarf að endurskoða enda óhagræði fyrirtækja mikið af því að taka til varna fyrir dómstólum þar sem ríki, sveitarfélög og opinber fyrirtæki freista þess að fá úrskurði kærunefndar hnekk. Telji stjórnvöld mikilvægt að hafa slíka málskotsheimild í lögum til að fá niðurstöðu kærunefnda hnekk ætti ríkið sjálft að taka til varna í málinu en ekki kærandi.

Endurskoða þarf kærheimildir þegar mikið óhagræði og mikill kostnaður hlýst af því að ákvörðun er hnekk. Það á við um kærufjeri á útgáfu byggingarleyfis eftir að leyfi hefur verið veitt og framkvæmdir hafnar í góðri trú. Slík afturvirk kærufjerli sem fella úr gildi leyfi vegna framkvæmda sem þegar hafa átt sér stað leiða af sér tjón og sóun. Leita þarf leiða til að færa kærheimildir vegna útgáfu framkvæmdaleyfa frammar í skipulagsferlinu. Innleiða þarf kærufjerli á sveitastjórnarstiginu svo unnt sé að fá ákvarðanir endurskoðar af æðra settu stjórnvaldi án þess að leita þurfi til dómstóla sem er það úrræði sem tekur hvað lengstan tíma og af hlýst mestur kostnaður.

Eflum samkeppnishæfni með því að einfalda meðferð kærumála.



” Eftirlit með brotum á iðnlöggjöfinni er ábótavant. Yfirvöld þurfa að bregðast hraðar við ábendingum um brot á iðnlöggjöf. Regluverkið er til staðar en eftirfylgnin ekki. Bæta þarf framkvæmd eftirlits svo það verði skilvirkara.

Arna Arnardóttir
gullsmiður og formaður
Félags íslenskra gullsmiða.

EFTIRLIT MEÐ LÖGVERNDUÐUM IÐNGREINUM BÆTT

Sú löggjöf sem liggur til grundvallar iðnrekstri í landinu eru lög um handiðnað nr. 42/1978 sem bæði er ætlað að skapa hvata fyrir einstaklinga til að sækja sér iðnmenntun og vissu fyrir neytendur um að þeir einstaklingar sem veita þjónustu á sviði handiðnaðar hafi tilskilda færni. Löggilding starfsgreina er alþekkt og víða notuð til að ná fram markmiðum stjórnvalda, hér á landi meðal annars til að styðja við og styrkja íslenskt menntakerfi, auka neytendavernd, öryggi og heilsu.

Eftirlit með því að lögunum sé fylgt er í lamasessi þannig að hver sem er getur tekið að sér verk sem krefjast færni án þess að búa yfir henni. Gera þarf breytingar á tilhögun eftirlitsins með aðilum sem starfa í leyfisleysi á sviðum sem njóta lögverndar. Eftirlit er nú í höndum lögreglu þar sem því er ekki sinnt sem skyldi og viðurlög lítil. Eftirlitsákvæði laganna hafa því engin varnaðaráhrif. Enginn opinber listi til staðar yfir þá aðila sem hafa tilskilda menntun og réttindi til að geta boðið upp á viðeigandi fagþjónustu. Ákvæði eru í regluverki sem tryggja virkt eftirlit með þeim sem hafa tilskilin leyfi en þeir eftirlitsaðilar hafa engin úrræði gagnvart þeim sem bjóða sömu þjónustu í leyfisleysi. Í þessu samhengi má benda á lög nr. 49/1996 um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga sem mælir fyrir löggildingu þeirra sem taka að sér störf á grundvelli laganna. Eftirlitsaðili laganna, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, hefur ekki talið sig hafa heimild til eftirlits með þeim aðilum sem starfa við raforkuvirki án löggildingar.

Tryggja þarf aukið eftirlit með lögvernduðum iðngreinum, bæði á grundvelli laga um handiðnað og sérlaga. Færa þarf eftirlit frá lögreglu til stjórnvalds sem hefur getu til að sinna umræddu eftirlit og hafi nauðsynlegar eftirlitsheimildir til að tryggja viðeigandi varnaráhrif. Þá þarf að birta opinberan lista yfir alla þá sem hafa heimild til að veita umbeðna þjónustu samkvæmt lögunum.

Eflum samkeppnishæfni með því að bæta eftirlit með lögvernduðum iðngreinum.



SAMKEPPNISEFTIRLIT FYRIR SJÁANLEGT OG HRAÐVIRKT

Heilbrigð samkeppni stuðlar að lægri verðum og betri þjónustu fyrir neytendur og hagkerfið í heild. Í smærri hagkerfum reynir á jafnvægi þess að koma í veg fyrir skaðleg áhrif of mikillar samþjöppunar og nauðsynlegrar stærðarhagkvæmni til að þær vörur og þjónusta sem í boði eru standist kröfur neytenda og eftir atvikum alþjóðlega samkeppni. Íslensk samkeppnisyrirvöld hafa þó öðru fremur lagt áherslu á að tryggja valdheimildir sem eru íþyngjandi í garð fyrirtækja og markaða og færa þeim ríkari rétt til inngripa en tíðkast í flestum öðrum Evrópuríkjum. Flest mál sem komið hafa til kasta samkeppnisyrivalda á Íslandi bera þess merki að skilning skorti á eðli reglnanna eða að samkeppnisyrirvöld beittu heimildum með ófyrirséðum hætti. Í ljósi sérstaks eðlis reglnanna er þeim mun mikilvægara að fræðslu- og leiðbeiningaskyldu sé vel sinnt í þágu aukins fyrirsjáanleika við beitingu samkeppnisreglna og bætta eftirfylgni við þær. Ríkisendurskoðun bendir á þetta í nýlegri stjórnsýsluúttekt stofnunarinnar á Samkeppniseftirlitinu og taka Samtök iðnaðarins undir ábendingar Ríkisendurskoðunar.

Samkvæmt sömu stjórnsýsluúttekt hefur málsmeðferðartími Samkeppniseftirlitsins í málum er varðar misnotkun á markaðsráðandi stöðu, ólögmetu samráði og opinberum samkeppnishindrunum aukist til muna á milli árána 2018 og 2020. Á það hefur verið bent að málsmeðferðartími sé óhóflega langur sem skapar óvissu á umræddum mörkuðum og tjón fyrir einstaka fyrirtæki. Grípa þarf til markvissra aðgerða til að stytta málsmeðferðartíma Samkeppniseftirlitsins.

Eflum samkeppnishæfni með hraðvirkara og fyrirsjáanlegra samkeppniseftirliti.

OPINBERUM SAMKEPPNISREKSTRI HÆTT

Hið opinbera hefur lengi verið beinn þátttakandi í íslensku atvinnulífi og spannar samkeppnisrekstur þess nokkuð breitt svið, allt frá meðhöndlun úrgangs til fjármálaþjónustu. Tryggja þarf að starfsumhverfi opinberra fyrirtækja í samkeppnisrekstri sé sambærilegt við það sem á við um fyrirtæki á einkamarkaði. Samkeppni við einkaaðila er ýmist stunduð innan einstakra ríkisstofnana eða í sérstökum félögum. Opinberum samkeppnisrekstri fylgja margar áskoranir og hafa þarf sérstakar gætur á að raska ekki samkeppni, til dæmis með skattaundanþágum, hærri launum en á almennum markaði, niðurgreiðslum úr almannasjóðum eða beinum samningum án útboða svo fátt eitt sé nefnt. Fyrirtæki sem ríki og sveitarfélög reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á eru til að mynda undanþegin greiðslu tekjuskatts. Þetta er dæmi um skýra mismunun á stöðu einkaaðila og opinberra aðila á markaði.

Tilvist starfsemi á vegum ríkis eða sveitarfélaga getur án nokkurrar fyrirgreiðslu verið aðgangshindrun sem hefur neikvæð áhrif á samkeppni. Á þetta sérstaklega við þegar um ræðir félög í eigu hins opinbera sem hafa komið sér upp ákveðinni yfirburðastöðu. Ríki og sveitarfélög þurfa að marka sér skýr viðmið um það hvernig fyrirtæki í þeirra eigu starfa á markaði. Í því felst meðal annars að meta reglulega og með heildstæðum hætti þörf fyrir samkeppnisrekstur opinberra aðila og hvort að starfsemi fyrirtækisins



” Sú var tíðin að verkfræðingar hjá ríkinu sættu sig við öruggari störf fyrir lægri laun en tíðkuðust á almennum markaði en núna hefur ríkið tekið fram úr einkageiranum í þeim launakjörum sem eru í boði. Þessi spekileki í faðm ríkisins dregur úr vaxtargetu fyrirtækja í greininni og verðmætasköpun hagkerfisins en þróunin kemur m.a. í veg fyrir útflutningsvöxt greinarinnar.

Reynir Sævarsson,
í markaðspróun Eflu
og formaður Félags
ráðgjafarverkfræðinga.

sé samfélaginu til hagsbóta. Oft er við það miðað að ríkið starfi á mörkuðum þar sem markaðsbrestur ríkir og tryggja þarf að tiltekin þjónusta eða vara sé tiltæk. Þessi viðmið eru þó ekki einhlít og ljóst að opinberir aðilar starfa á markaði þar sem samkeppni er virk, s.s. við framleiðslu á malbiki og viðhaldi á götulýsingu. Samkeppnisefirlitið gegnir hér lykilhlutverki enda hefur eftirlitið rúmar heimildir til að tryggja samkeppnislegt hlutleysi á markaði. Samkeppnisefirlitið þarf að auka áherslu á frumkvæðiseftirlit á samkeppnismörkuðum þar sem opinberir aðilar starfa til að tryggja nauðsynlegt aðhald.

Eflum samkeppnishæfni með því að draga úr opinberum samkeppnisrekstri og tryggja samkeppnislegt hlutleysi á markaði.

ÚTVISTUN HJÁ HINU OPINBERA AUKIN

Samkeppni einkaaðila við ríki og sveitarfélög birtist meðal annars í harðri baráttu um sérhæft starfsfólk. Einkageirinn á að vera leiðandi í kjarapróun en ekki hið opinbera. Þessu er öfugt farið þar sem laun hafa hækkað í opinbera geiranum umfram laun á almenna markaðinum. Fyrirtæki sem veita sérfræðiþjónustu, t.d. einkareknar verkfræðistofur, eiga orðið erfitt með að keppa við opinberar stofnanirnar um starfsfólk. Niðurstöður nýlegrar könnunar Outcome fyrir SI benda til þess að takmarkað framboð af sérmenntuðu starfsfólki muni hamla vexti verkfræðistofa á næstu misserum. Hið sama má segja um fleiri greinar iðnaðar. Þetta skerðir möguleika iðnfyrirtækja til vaxtar og þar með vaxtarmöguleika hagkerfisins. Leita þarf markvisst leiða til að minnka samkeppni við einkamarkaðinn um starfsfólk með aukinni áherslu á útvistun.

Eflum samkeppnishæfni með því að auka markvisst útvistun hins opinbera á sérfræðiþjónustu.



OPINBER INNKAUP SKILVIRKARI

Hið opinbera kaupir vörur, þjónustu og verk fyrir tugi milljarða króna árlega og hefur því með vali sínu mikil áhrif á markaðinn. Aukin skilvirkni í opinberum innkaupum eykur hagræði hins opinbera og fyrirtækja á útboðsmarkaði og leiðir til hagkvæmari innkaupa ríkis og sveitarfélaga. Á undanförunum árum hefur orðið viðhorfsbreyting í þessa átt hjá opinberum kaupendum. Mörg tækifæri eru til umbóta bæði með breytingum á íslenskum lögum, sem byggjast á samevrópskri fyrirmynd en hafa að geyma séríslenskar reglur, og við framkvæmd og eftirlit útboða.

Vanda þarf betur og samræma innkaup opinberra aðila þar sem aukin áhersla er á bættan undirbúning útboða, aukna samræmingu gagna og notkun rafrænna lausna. Ófullnægjandi og ónákvæmar verklýsingar í útboðsgögnum og ófullnægjandi undirbúningur framkvæmda, sem felst t.d. í of stuttum verk tíma, getur aukið kostnað við gerð tilboða, hækkað framkvæmdakostnað og aukið ágreining. Vanda þarf því til verka og undirbúa verkefni og útboð betur með aukinni áherslu á notkun samræmdra og staðlaðra gagna við gerð kostnaðaráætlana, verklýsinga og hæfnikrafna. Þá getur notkun rafrænna lausna við innkaup skapað mikið hagræði en jafnframt áskoranir. Grundvallarreglu opinberra innkaupa um jafnræði bjóðenda og gagnsæi þarf að tryggja til að viðhalda trausti á útboðsferlinu. Að því þarf sérstaklega að gæta þegar rafrænar lausnir eru notaðar við opnun tilboða og þarf að tryggja gagnsæi við slíkar opnanir, þar sem bjóðendum er veitt tækifæri á að vera viðstöddum.

Til að stuðla hagkvæmari innkaupum þurfa opinberir kaupendur að huga því við gerð útboðsskilmála að stilla kröfum til bjóðenda í hóf. Síauknar kröfur, m.a. um óhófleg gagnaskil í útboðum, valda auknum kostnaði, draga úr möguleikum lífilla og meðalstórra fyrirtækja að taka þátt og stuðla að fákeppni á markaði. Draga þarf því markvisst úr óhóflegum kröfum til bjóðenda og leita leiða til að auka samkeppni í útboðum enda samfélagslegur ávinningur þess mikill. Við innleiðingu nýrra krafna, til að mynda umhverfiskrafna, þarf að gæta að sömu sjónarmiðum, þ.e. að ekki sé gengið lengra en þörf er á og að markaðnum sé veittur hæfilegur aðlögunartími til að mæta nýjum kröfum opinberra kaupenda.

Auk markvissra aðgerða til að bæta framkvæmd útboða þarf jafnframt að huga að bættu eftirliti með innkaupum. Ekkert stjórnvald hefur eftirlit með því að lögunum sé



” Undanfarin ár hafa stjórnvöld í opinberum innkaupum þróað kröfur sínar í útboðum, það er gott og hagur allra að gagnaskil séu þannig að hægt er að velja hæfasta aðilann í verkið. Undanfarið hafa hins vegar kröfur til gagnaskila stóraukist og ekki er samræmi í umfangi gagnaskila og stærð útboða, kostnaðurinn hjá bjóðendum hefur aukist til muna og í mörgum tilvikum teljum við kröfurnar séu óhóflegar. Það getur dregið úr áhuga og getu fyrirtækja til að taka þátt. Endurskoða þarf þessa þróun og bæta verklag.

Þórhildur Gunnarsdóttir,
framkvæmdastjóri og
einn af eigendum Júní.



fylgt og markaðnum því falið eftirlit í formi kæra til kærunefndar útboðsmála. Styrkja þarf kærueimildir bjóðenda með lengingu kærufresta og auknum möguleikum til upplýsingaöflunar hjá kaupendum. Samhliða því þarf að tryggja að innan stjórnkerfisins sé aðili til þess bær að hafa eftirlit með opinberum kaupendum, líkt og gildir hjá nágrannaríkjum. Í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku hefur samkeppniseftirlitinu verið falið sérstakt hlutverk í tengslum við framkvæmd opinberra innkaupa, þ.m.t. með því að gefa út leiðbeiningar um túlkun og framkvæmd útboðsreglna.


Eflum samkeppnishæfni með því að vanda betur gerð útboðsskilmála og framkvæmd opinberra innkaupa og bæta eftirlit með þeim.


LEIÐBEININGAR RÍKISSTOFNANA BÆTTAR

Eitt af grundvallarhlutverkum stjórnvalda er að veita fyrirtækjum nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið þess. Eftir því sem regluverk er flóknara og eftirlit eftir atvikum háð mati stjórnvalda hverju sinni er leiðbeiningarskyldan ríkari. Sinni stjórnvöld umræddu hlutverki sínu vel má tryggja aukna eftirfylgni með lögunum, draga úr ágreiningi og sóun í eftirlitskerfinu og hjá fyrirtækjunum. Leiðbeiningar eru til þess fallnar, séu þær vel úr garði gerðar, að auka fyrirsjáanleika og gagnsæi í starfsumhverfi fyrirtækja.

Töluvert skortir upp á leiðbeiningar hjá stjórnvöldum í tengslum við skattframkvæmd flókinna álitamála. Útgáfa bindandi álita geta í eðli sínu gengt sama hlutverki og leiðbeiningar í þessu skyni, þar sem fyrirsjáanleiki og gagnsæi eru tryggð. Útgáfa slíkra álita hefur hinsvegar dregist saman og í sumum tilvikum skortir leiðbeiningar skattyfirvalda um einstaka álitamál. Þetta er jafnframt staðan á sviði samkeppnisréttar þar sem mikill ávinningur hlýst af skýrum leiðbeiningum samkeppnisfirvalda um beitingu samkeppnisreglna og háttsemi fyrirtækja á markaði. Leggja þarf því kapp á að efla leiðbeinandi hlutverk hinna ýmsu ríkisstofnana.

Eflum samkeppnishæfni með því að bæta leiðbeiningar ríkisstofnana.





Samtök
iðnaðarins